

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

8. mars 1982.

Nr. 80.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma, skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 12 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 25 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 15. mars 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 297/1981 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

8. mars 1982.

Nr. 81.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðingshjálp í rannsóknnum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 50 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 50 hveurrar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 50 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ.e.a.s. kr. 25 í hvert skipti.